

Fundargerð

126. stjórnarfundur 19. ágúst 2021

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Auðbjörg Björnsdóttir, Helgi Freyr Hafþórsson, Stefán Guðnason, Ingibjörg Sigurðardóttir, og Margrét Elísabet Ólafsdóttir, sem ritar fundargerð.

1. Fundartímar

Fundartímar haustannar ákveðnir í hádegi á mánudögum í þriðju viku í hverjum mánuði.

2. Stjórn skiptir með sér verkum.

Margrét Elísabet Ólafsdóttir skipuð ritari. Guðmundur Kristján Óskarsson, gjaldkeri. Ákveðið að ekki væri þörf á að kjósa sérstakan varamann formanns að sinni.

3. Vinumatssjóður.

Rætt um lögfræðiálit á innihaldi stofnanasamnings og komandi kjaraviðræður. Ekki er grundvöllur til að fara í mál. Formaður greindi frá samtali sínu við sérfræðing hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins í Fjármála og efnahagsráðuneytinu um stofnanasamninginn sem gerður var á milli FHA og HA og framlög úr ríkissjóði og ábyrgð háskólaráðs. Samþykkt var að boða til nýs félagsfundar og kalla eftir samstöðu félagsmanna um þær leiðir sem verða farnar að yfirstjórn varðandi sjóðinn. Óskað verði eftir ályktun frá fundinum til að leggja fyrir háskólaráð. Einnig var lagt til að umræða yrði tekin upp við deildarformenn og þeir hvattir til að ræða stöðu Vinumatssjóðs í viðtölum vegna sjálfsmatsskýrslu.

4. Stefnumótunarping BHM

Fyrirhugað fimmtudag og föstudag 14. og 15. október. FHA má senda þrjá fulltrúa. Hjördís Sigursteinsdóttir, Auðbjörg Björnsdóttir og Helgi Freyr Hafþórsson gefa kosti á sér. Óvíst með þriðja fulltrúa en Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðnason lýstu sig reiðubúinn til að fara ef eitthvert hinna skyldi forfallast.

5. Námstefna í samningagerð hjá Ríkissáttasemjara

Ríkissáttasemjari hefur ákveðið að boða til námsstefnu í samningagerð fyrir samningamenn félaga BHM. Fimm dagsetningar eru í boði á fimm ólíkum stöðum á landinu á tímabilinu nóvember 2021 til nóvember 2022. Samþykkt var að senda allt að 3 úr samninganefnd FHA á tíma sem þau ákveða sjálf.



Félag háskólakennara
á Akureyri

6. Önnur mál

- a. Óuppgert mál starfsmanns og stuðningur FHA. Samþykkt að fulltrúar starfsmanna í háskólaráði leggi fram tillögu í ráðinu til úrlausnar í óuppperðu máli akademísks starfsmanns.

Fleira var rætt og fundi slitið kl. 13.20

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fundarritari